

## Fundargerð 24. Skautabings ÍSS 2023

<b>Fundastjóri</b>	Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK
<b>Fundarritari</b>	Póra Sigríður Torfadóttir
<b>Staðsetning</b>	Bryggjan Brugghús
<b>Dagsetning</b>	13. maí 2023
<b>Fundartími</b>	12:00 -

Mál nr.	Dagskrá: <b>Umræða, ákvarðanir, niðurstaða</b>
1	<b>Þingsetning:</b> Svava Hróðný Jónsdóttir, formaður ÍSS, flytur ávarp, setti þingið og bauð gesti velkomna
2	<b>Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar:</b>  Ingimar Gunnar Traustasson Ingibjörg Magnúsdóttir
3	<b>Kosning þingforseta:</b> Formaður lagði fram tillögu að þingforseta Valdimar Leó Friðriksson, formann UMSK. Vara þingforseti María Fortescue <b>Tillaga samþykkt með lófataki.</b>
4	<b>Kosning þingritara:</b> Þingforseti bar fram tillögu um þingritara, Þóru Sigríði Torfadóttur, ritara stjórnar ÍSS. <b>Tillaga samþykkt með lófataki.</b>  Þóra Sigríður tekur til starfa að ósk þingforseta.
5	<b>Skýrsla stjórnar lögð fram:</b> Svava Hróðný fer yfir skýrslustjórnar.
6	<b>Reikningar ÍSS lagðir fram:</b> Ingibjörg Pálsdóttir fer yfir fjárhagsreikning frá síðasta tímabili.
7	<b>Umræður og samþykkt reikninga og skýrslu stjórnar:</b> A. Valdimar óskar eftir að formaður kjörbréfanefndar, Gunnar Traustason fer yfir atkvæði og eru kjörbréf þannig: 2 Öspin 2 Jökull 3 SA 5 Fjölpir 11 SR Samtals 23 fulltrúar

	B. Reikningar: Helga Olsen spyr út í styrki afhverju er svo mikill munur, Covid styrkur 2021 og er hann greiddur út í dollurum. Reikningar samþykktir einróma.
8	<p><b>Ávarp gesta:</b></p> <p>A. Hafsteinn Pálsson ávarpar gesti og skilar kveðjum frá forseta og framkvæmdastjórn ÍSí. Hafsteinn tekur fram að á þingi ÍSí þingi voru kornir 7 fulltrúar og er kynjahlutfall jafnara en hefur verið áður. Kosið var um breytingar á Lottó styrkjum og er það samþykkt en beðið eftir þingi UMFÍ sem er í haust til loka samþykktar. Við hvert sérsamband sem bætist við hjá ÍSí þá stækkar þing ÍSí. Minnir á Getraunir og Lottó og að félög eiga allskyns möguleika með Getrauna sölu. Minnir á mikilvægi starfi Samskiptaráðgjafa, þetta er ekki Samskiptaráðgjafi ÍSí heldur sjálfstæð eining. Þau eru þar til að aðstoða félög og aðildar menn með samskipti. Hvetur þingið til dáða sú vinna sem er í gangi með að reyna að efla starfsaðstöðu íþróttarinnar.</p> <p>B. Gullmerki ÍSí er veitt af Hafsteini til Þóru Gunnarsdóttur eftir dygga vinnu innan íþróttina.</p> <p>C. Anna Gígja skautastjóri SR ávarpar gesti: Ræðir um hvað SR er að gera innan sinna raða til að auka iðkenda fjölda, þar sem iðkenda fjöldi innan SR er að verða komin í topp. Mikil vinna hefur verið lögð í að auka og halda í iðkendur á aldrinum 13-17 ára. Skiptu deildinni í 3 línur, félagalína hobbý sem er skautaskóli og þeir sem vilja aðeins skauta sér til ánægju 1x-2 í viku. Önnur lína er félagalína og fara í að safna skautaskautanælum og keppa í félagalínu. Síðan er keppnislínan sem er þeir sem hafa áhuga og vilja fara í keppnislínu innan ÍSS. Vanda orðaval, t.d. Ekki að færa upp eða niður iðkendur heldur á milli hópa. 14 ára og eldri fá að þjálfa í skautaskóla, hafa breytt aðstæðum í meira heimilislegt, námsherbergi, ísskápur fyrir nesti, spil í boðið til að reyna að minnka símanotkun á svæðinu og hvetja til meiri samskipta.</p>
9	<p><b>Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram:</b></p> <p>Ingibjörg Páls fer nánar í fjárhagsáætlun 2023, Valdimar Leó ber fjárhagsáætlun undir þingið og opnar fyrir spurningar. Spurning úr sal..... um breytingar Gunnar spyr um húsaleigu, Svava svara að það var ekki inni reikningum frá í fyrra frá ÍSí. Inga Magga spyr um breytingar á milli afreksmála, Aldís fór á EM 2022 og 2 EYOF, JGP 2022 var hærri en áður, stærri mót heldur en á þessu ári, sem er munurinn. Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.</p>
10	<p><b>Afreksstefna</b></p> <p>Svava Hróðný fer yfir Afreksstefnuna. Hún er lögð fram til 4 ára, markmiðin eru uppfærð, haldið áfram að vinna að þessari stefnu og okkar markmiðum. Engar stórvægilegra breytingar á milli. Á næstu árum verður líklegt hægt að fara betur í gegnum afreksstefnuna þar sem er komið nýtt starfsheiti innan ÍSí sem er afreksstjóri, Vésteinn, þar eru mjög góð markmið og væru mjög góð og gagnleg fyrir alla og er nærri lagi því sem er unnið að erlendis. Valdimar biður þingið um spurningar, engar spurningar úr sal, spurt hvort hægt sé að fá yfirlit á ensku, Svava fer yfir afreksstefnuna</p>

	<p>á ensku. Ben spyr hvort ætti að breyta einhverjum dagsetningum eða markmiðum miða við okkar efstu skautara, Svava svara að þetta sé góður grunnur til að vinna að. Afrek stefna er boðin undir þingið til samþykktar, samþykkt einróma.</p>
11	<p><b>Allsherjarnefnd:</b></p> <p>Svava Hróðný fer yfir erindi stjórnar sem lagt er fyrir þingið um kynjaskráningu í íþróttinni. Þar sem stjórn vill ekki taka einhliða ákvörðun um og fá umræðu frá skautabingi gagnvart þetta málefni og þá byrja með flokkana Chicks og Cubs, 6ára, 8ára, 10ára og yngri til að byrja með og þá hægt að skoða framhaldið frá því. Þóra Gunnars áréttar að í syncro keppir með bæði kynin í sama liði, ísdans gæti verið slík keppni. Inga Magga spyr hvernig Umræðan er innan Norðurlandanna og Svava svara að það yrði framhaldið eftir þessa umræðu. Helga Olsen nefnir að innan SO/AS er ekki kynjaskipt í þeim flokkum sem keppa ekki til verðlauna. Ben segir sína upplifun sem frá eigin reynslu af því að vera innan íþróttarinnar, hann nefnir að það sé erfitt sé að hafa bara stráka og bara stelpur en ætti að keppa einnig í kynjalausum flokka. Svava nefnir að í hokkýið er ekki kynjaskipt til 18 ára, Jóhanna ræðir um hvernig hennar upplifun með hokkýinu með að hafa blandaða og þarf ekki að skilgreina sig sérstaklega. Fundargestur nefnir fimleika, fyrir einhverjum árum var þannig stefna inna fimleikanna en í dag hugsar fólk ekki að fimleikar séu ekki fyrir bara stelpur. María Fortescue áréttar að við þessi umræða sé ekki verið að hugsa aðeins út frá strákunum heldur þessari heild og mismunandi skilgreiningum á kynjum. Að létta börnum það að þurfa ekki að skilgreina sig strax. Svava nefnir að þetta sé sú umræða sem stjórnin vill fá frá þinginu og ekki að stjórn með aðstoð frá tækninefnd vildi ekki taka þessa ákvörðun einhliða án skautasamfélagsins. Í yngri flokkunum eru sömu keppnis kröfur og innihalds kröfur. Spurning hvort það væri ekki fleiri flokkar, María nefnir að það sé auðveldara skref eins og staðan er í dag og 12 ára og yngri og eldri flokkar þurfa meiri aðlögun. Helga spyr hvort við meigum breyta heitum Unisex flokkum svo lengi sem það hreyfi ekki við ISU flokkum. Svava svara að félagamót má vera skilgreint í flokka eins og þau vilja. Ben spyr ef þú keppir erlendis og vilt keppa í flokki sem er ekki skilgreindur eftir kyni hvernig er það. Valdimar spyr hvort við eigum að leggja þessa umræðu til kostningar, kosið verður um hvort yngri flokkar 10 ára og yngri verði unisex á næsta keppnistímabili, þá getur stjórn haldið áfram að vinna þá vinnu. Samþykkt með 18 atkvæðum geng 4, einn situr hjá.</p> <p>Hlé</p> <p><i>Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði</i></p> <p><i>Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið ef þingmeirihluti leyfir:</i></p> <p><i>Afreksstefna</i></p> <p><i>Svava Hróðný Jónsdóttir, formaður fjallar um afreksstefnu og markmið hennar.</i></p> <p><i>Erindi frá stjórn</i></p>
12	<p><b>Laganefnd:</b></p>

	<p>Hörður Sigurðsson fer yfir lagabreytingar tillögu. Anna JePsen frá SR nefnir að þau hafa kynnt sér þessi ákvæði frá öðrum aðildarfélögum, ef þessi tillaga yrði samþykkt þá er eins og 1/3 af iðkendum sem ætti sér ekki rödd, SR myndi vilja fá milli þinga nefnd. Helga Olsen nefnir að það er 1 félag sem er með meiri hluta atkvæði þar sem önnur félög eru með færri atkvæði. Gunnar samsinnir kannski ekki hafa þak en að eitt félag sem geti ekki haft meiri hluta atkvæða. Svava nefnir að við viljum að allir sitji jafnt og að það sé ekki 1 félag sem getur breytt öllu og að það sé ekki með meiri hluta atkvæða. ÍSÍ var að setja þak hjá sér með atkvæði. Rut nefnir að SR hefur lagt mikla vinnu í að auka iðkendafjölda hjá sér sem er ÍSS í hag, og ef það er verið að taka af því félagi. Umræður kastað fram og til baka um atkvæða greiðslur, þar sem er búið að opna umræðun má koma með breytingar tillög á þingi í kross við það sem stjórn kom með. Valdimar spyr þing hvort það sé með tillögur, 7min hlé á þingi þar sem þinggestum er gefinn kostur á að koma með tillögur á nýrri reglu,</p> <p>Valdimar gefur Mariu Fortescue orðið. Sú hugmynd sem kom upp var dregin til baka, en tillaga um að halda reglugerðinni eins og hún er, en að breyta í að ekkert aðildarfélag geti hafið meira atkvæði en 49% og að það fari í miðþinganevnd með 2 fulltrúa úr hverju félagi. Tillaga samþykkt einróma.</p>
13	<p><b>Kosning stjórnar ÍSS og varastjórnar (skv. 10.gr. laga)</b>  Kosið er um:  Formann, tvo aðila í stjórn til veggja ára, einn aðila í stjórn til eins árs og einn varamann Framboðsfrestur runninn út.</p> <p>Formaður: Svava Hróðný Jónsdóttir er sjálfkjörin  Aðalstjórn til 2ja ára 2 fulltrúar: Ingibjörg Pálsdóttir og Rakel Hákonardóttir  Aðalstjórn til 1 árs: Lonni Björg Hansen  Varastjórn til 1.árs: Guðrún Brynjólfsdóttir</p> <p>Allir aðilar sjálfkjörnir</p>
15	<p><b>Umræður um töllögur nefnda og atkvæðagreiðslur um þær</b></p> <p>- sjá lið 11.</p>
<b>Önnur mál</b>	
19	<p><b>Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga:</b>  Jóna Jónsdóttir og Heba Finnsdóttir</p>
20	<p><b>Þingslit</b>  SvaVa þakka fráfarandi stjórnar meðlimum fyrir störf sín, Svava veitir Herði blóm fyrir störf sín.  Heiðurs verðlaun ÍSS veitt af Svövu Hróðnýju og Ingibjörgu Páls og eru það 3 að þessu sinni sem hljóta heiðursverðun:  Sólveig Dröfn Andrésdóttir: Svava fer yfir feril hennar innan íþróttarinnar.  María Fortescue: Svava fer yfir feril hennar  Hulda Líf Harðardóttir: hún gat ekki verið á þinginu en móðir hennar við viðurkenningunni, Svava fer yfir feril hennar.  Aldís Kara Bersdóttir: var einnig heiðruð á heimabyggð á Vormóti.</p> <p>Svava Hróðný sleit þinginu .</p>